



## Félag háskólakennara

### 10. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2023/2024 haldinn miðvikudaginn 7. febrúar 2024, kl. 14:30, Borgartún 27, Þórmörk

**Fundinn sátu:** Baldvin Zarióh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Haukur Logi Karlsson, Íris Davíðsdóttir, Jóna Margrét Ólafsdóttir, Arngrímur Vídalín og Ármann Höskuldsson. Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri, ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 10. janúar 2024.
2. Sáttmálasjóður, næstu skref.
3. Málþing Fh, FPR og FHA.
4. Rannsóknamisseri sérfræðinga.
5. Frá öryggisnefnd, eyðublað um skaðvalda.
6. Vilhjálmur Hilmarsson hagfræðingur BHM kemur kl. 15:00 – 15:30.
7. Kjaramál, staða mála, fundur með SNR og kröfugerð.
8. Launatölur.
9. Álit Andra Vals, vegna yfirvinnu.

Árshátíð HÍ, 9. febrúar 2024

Norrænn fundur 10. – 12. júní 2024, sjá tp. 5. febrúar 2024.

#### 1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 10. janúar 2024

Fundargerð var samþykkt, með lítisháttar stafsetningaleiðréttingum.

#### 2. Sáttmálasjóður

Baldvin sagði frá stöðni. Félag háskólakennara og Félag prófessora við ríkisháskóla hafa verið í nánú samstarfi vegna málsins og til stendur að skoða hvort fara eigi með málið fyrir Félagsdóm. Stjórn sammála um að leggja málið til skoðunar hjá lögfræðingum og fá álit á möguleika þess að fara þá leið. Stjórn sammála um að verja þurfi þau réttindi og kjör sem félagsfólk hefur notið til þessa.

#### 3. Málþing Fh, FPR og FHA

Jens og Íris Hrönn sögðu frá undirbúningi þingsins. Sameiginlegt málþing Fh, FPR og FHA verður haldið þann 1. mars næstkomandi í Odda. Dagskrá þingsins er tilbúin og framsögumenn hafa samþykkt þátttöku. Framkvæmdastjóra falið að senda út auglýsingu á félagsfólk við fyrsta tækifæri.

#### 4. Rannsóknamisseri sérfræðinga

Baldvin sagði frá stöðni. Félag háskólakennara hefur átt fundi með þeim stofnunum er málið varðar þ.e. Keldur, Árnastofnun og Landsbókasafni, auk þess sem málið hefur verið rætt við HÍ vegna sérfræðinga er störfuðu við Raunvísindastofnun. Engin niðurstaða er komin í málinu og ljóst er að þau réttindi sem sérfræðingar áðurnefndra stofnana höfðu, eru ekki tryggð með sama hætti og áður. Baldvin sagði að félagið muni beita sér í málinu en óskaði eftir umræðum stjórnar um málið. Málið rætt og ákveðið var að óska eftir fundi með ráðuneytum er málið varðar, auk þess að fá umræðu um málefnið við samningaborð með SNR með því hafa það sem lið í kröfugerð félagsins.

## **6. Vilhjálmur Hilmarsson hagfræðingur BHM:**

Vilhjálmur kynnti launagögn- og tölur félagsins í samanburði við önnur stéttarfélög BHM ásamt launamun á bandalagagrunni síðustu ára. Vilhjálmur svaraði spurningum stjórnar. Þá upplýsti hann um að hann væri að vinna að greiningum vegna bóknar 2 í kjarasamningi félagsins.

## **5. Erindi frá öryggisnefnd**

Jens sagði frá erindi öryggisnefndar. HÍ er að vinna að eyðublaði um skaðvalda vegna greina í stofnanasamningi félagsins og HÍ um umbun fyrir vinnu starfsfólks er vinnur við líffræðilega skaðvalda, lífsýni eða eiturefni. HÍ óskaði eftir því að öryggisnefnd myndi taka saman nokkur álitamál s.s. hvaða þættir hafa áhrif á öryggi starfsfólks, hvaða störf eru þar undir og flokkunarkerfi eiturefna. Málið rætt og stjórn sammála um að kalla eftir fund í samráðsnefnd Fh og HÍ hið fyrsta til þess að koma að sjónarmiðum þess í gerð væntanlegs eyðublaðs.

## **7. Kjaramál**

Baldvin sagði frá stöðu mála í kjarasamningum. Formaður BHM hafði óskað eftir sameiginlegu samingsumboði aðildarfélaga BHM í viðræðum við opinbera launagreiðandur og SA með BRSB, KÍ, RSÍ, Verkfræðingum og SSF. Það reyndist ekki auðsött þar sem meirihluti aðildarfélaga BHM telur að slíkt samstarf sé ekki tímabært, auk þess sem þau voru ekki tilbúin til þess að fela formanni BHM samningsumboð án skilyrða. Félag háskólakennara, Félag prófessora við ríkisháskóla, Félag háskólakennara á Akureyri, Félagsráðgjafafélag Íslands og listafélögin (svokölluðu) og Viska, voru þau aðildafélög sem sýnt höfðu slíku samstarfi áhuga. Það umboð er ekki nægilega strekt að mati formanns BHM og því hefur BHM ekki tekið þátt í samstarfinu formlega, en hefur þess í stað reynt að afla upplýsingar um stöðuna í kjaraviðræðunum almennt.

Félag háskólakennara, Félag prófessora við ríkisháskóla og Félag háskólakennara á Akureyri hafa átt og munu eiga gott og náið samstarf í komandi samningalotu. Rætt hefur verið um hvort félögin eigi að fara sameiginlega fram með ákveðnar og sérstækar kröfur. Ekkert ákveðið í þeim efnun. Málið rætt og stjórn lýsti ánægju með samstarfið við háskólafélögin tvö.

## **8. Launatölur**

Framkvæmdastjóri vakti athygli stjórnar á samantekt launa frá október 2022 og 2023. Frestað til næsta fundar.

Dagskrárlið 9 og önnur mál var frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi lauk um kl. 16:15

Næsti fundur ákveðinn 6. mars 2024.